

Hjátrú sjómanna

Sjómenn á áraskipum hér á landi settu ekki báta sína á flot nema standa að í Jesú nafni. Enginn róður hófst án þess að sjóferðabæn væri beðin og í flestum skipum var bitafjöl með blessunarorðum ætluðum fleyinu. Sjómenn hlýddu á messu klæddir í sjóklæðin áður en lagt var af stað. Almættinu var treyst fyrir velferð skipverja og það beðið um vernd. En um leið og beiðnin um vernd var felld inn í hefðbundið kerfi trúarbragðanna var engu að síður hægt að treysta á fleira en Drottin til þess að sjósóknin gengi vel. Í gegnum tíðina hafa sjómenn við Ísland komið sér upp yfirgripsmiklu kerfi sem byggir á táknum, athöfnum, draumum og fyrirboðum sem höfðu þann tilgang að aðstoða og fullvissa sjómenn um að vel gengi við veiðarnar og að allir kæmust heilir heim. Það var hægt að treysta á fleira en Drottin með því að undirbúa sig á réttan hátt og taka mark á viðvörunum í umhverfinu. Draumar bentu á rétt fiskimið, sögðu til um veður og vöruðu við mannskaða. Fyrirboðar voru um atburði sem áttu eftir að gerast. Stundum kom jafnvel hjálp að handan.

Hjátrú og siðir tengjast trúarbrögðum mannsins og virðast hafa fylgt honum frá upphafi. Í samskiptum sínum við æðri máttarvöld hefur maðurinn reynt að finna leiðir til þess að hafa áhrif á gang mála sér í hag og um leið útskýra þau fyrirbæri sem eru að verki í náttúrunni og lífi mannsins. Samkvæmt einni kenningu um trú er hún kerfi sem maðurinn hefur komið sér upp, menningarleg þekking á því yfirnáttúrulega sem manneskjan notar til þess að takast á við vandamál lífsins og tilverunnar. Mér geðjast persónulega vel að

hugmynd James Frazers um trú og töfra í þessu sambandi. Hún felur í sér að sá sem beitir töfrum reynir að beygja náttúruna undir eigin vilja en sá sem trúir beygir sig undir vilja náttúrunnar.

Sjómenn hér á landi notuðu hvorttveggja, trúna og töfrana. Guð var hið formlega afl sem þurfti að hafa með sér, hjátrúin öll sú ókunna aðstoð sem þeir nýttu sér; draumarnir, fyrirboðarnir og heppnin sem þurfti oft til að fiska og koma áhöfninni heilri heim.

Almenna hjátrúin samanstendur af aragrúa atriða sem betra er að taka mark á og fylgja svo allt gangi sem best. Hugmyndir um tákn í umhverfinu, fluglag fugla, hvernig gekk að setja báta fram og þar fram eftir götunum.

Venjan var að skipum var ýtt á flot með orðunum “standið að í Jesú nafni” og hvernig gengi að fiska oft miðað við hve vel gekk að setja fram. Það hefur einnig komið fram að skip voru oft talin hafa vitund og vilji ekki fram ef þeim er ætlað að farast. Þá stóðu þau föst svo ekki var hægt að ýta þeim á flot. Þá dugði ekki að standa að í Jesú nafni, en ef formaðurinn skipaði hásetunum að setja fram í andskotans nafni gat skipið ekki staðið á móti, fór fram og fórst í veiðiferðinni.

Fyrsti róðradagur

Það þurfti að fara í fyrsta róður á réttum degi. Að öllu jöfnu var það laugardagur sem þótti best að byrja á. Frekar en að byrja á röngum

degi var farið í stuttan róður rétt út fyrir hafnargarð, veiðarfærin bleytt og haldið aftur í land. Þá var vertíðin hafin og ekkert því til fyrirstöðu að hefja veiðar eftir helgina. Það kom þó fyrir að menn töldu ekkert að því að byrja á mánudegi og álitu það jafnvel sinn happadag. Þeir tóku það þó fram að fjölskyldur þeirra hefðu ekki verið jafn hrifnar af þessu og eiginkonur og mæður verið á taugum alla vetrarvertíðina.

Sunnudagur var nefndur hjá einum viðmælenda minna sem slæmur dagur til að hefja vertíð á þar til að hann álpaðist út á sunnudegi og bjargaði áhöfn annars báts þann daginn. Eftir það vildi hann hefja vertíð á sunnudegi og taldi að gott eitt hlytist af því.

Margir nefndu að þeim hefði ekki þótt gott að veiða of mikið í fyrsta róðri, ef of vel gengi yrði vertíðin léleg.

Föt og fylgihlutir

Föt sem sjómenn notuðu urðu að táknum fyrir velgengi. Ef það byrjaði að fiskast héldu menn sig við fötin sem þeir voru í og skiptu þeim ekki út. Ef veiðifötin lentu í þvotti töldu þeir að vertíðin væri ónýtt og búið að þvo alla heppni úr þeim. Sumir gengu svo langt að láta ekki þvo af kojunni sinni alla vertíðinni. Ekki mátti heldur sauma föt sjómanna eða gera við þau á sunnudegi því það var talið boða feigð fyrir þann sem átti fatnaðinn.

Aflamenn tengdu oft fiskveiðarnar við föt og jafnvel við að hafa ákveðna aðila um borð. Eitt dæmi er um skipstjóra sem hafði fiskað

vel á vetrarvertíð og hafði hann alltaf haft sama hattinn á höfðinu. Hann gleymdi að taka hattinn með sér á sumarsíldina og lét ekki senda sér hann. Hann fiskaði ekki neitt og taldi að það hefði mest verið vegna hattleysisins. Annar skipstjóri gat ekki kastað án þess að hafa kokkinn um borð fyrir augunum. Ef kokkurinn var ekki í sjónlínu þá fékkst ekkert í netin. Lasnir kaffibollar og hlutir sem höfðu verið í töskunni frá því að menn fóru fyrst á sjó, stagbættar flíkur sem ekki var hægt að nota lengur en fóru samt með. Smá sérviska sögðu menn, en þeir voru ekki tilbúnir að láta hana frá sér og taka sénsinn á því að allt yrði eins gott ef þessir hlutir væru ekki með þeim.

Fisknir menn og ófisknir, fiskifælur

Fyrir suma sjómenn hafði þetta ekkert að segja því þeir voru einfaldlega fisknari en aðrir. Maður sem hafði verið háseti á áraskipi sagði mér að skipsfélagi hans hefði alltaf notað sama ryðgaða öngulinn og veitt meira en allir sem voru með honum um borð. Hann tók það líka fram að það hefði ekki verið hann því hann hefði aldrei fiskað neitt og verið hafður í andófi flesta daga.

En það var samt ekki alltaf gott að veiða meira en hinir því að sá sem varð allt í einu fiskinn upp úr þurru var líklega feigur og fiskurinn sem hann veiddi kallaður náfiskur. Einnig gat þetta snúist við því ef fiskinn formaður fór allt í einu að afla illa þá var það líka feigðarmerki. Ef vel gekk að fiska þá töldu margir að ekki mætti þvo af sér slorið í róðri því

þá þvæðu men af sér fisksældina og ekki mátti heldur skola aflann af bátnum.

Menn gátu líka talist fiskifælar en skipstjórnarmenn vildu ekki kannast við það og töldu að það væri illa gert að kenna einhverjum einum einstaklingi um þó að illa gengi um stund. Þó kom fyrir að menn komu um borð og ekkert gekk á eftir. Eitt slíkt tilvik var talið vera ekki vegna mannsins sjálfs heldur vegna þess sem kom um borð með honum. Í þessu dæmi bættist maður í áhöfn báts um miðja vertíð og eftir það gekk ekki né rak og félagar hans töldu að hann væri fiskifæla. Skipstjóri bátsins var ekki alveg tilbúin að reka hann í land og vildi meina að það væri eitthvað annað. Hann taldi að eitt kvöld hefði sá eða það sem fylgdi manninum og truflaði veiðina heimsótt hann upp í stýrishús og hann skipaði honum af bátnum með bölvum og formælingum. Eftir það komu þeir heim á nösunum upp á hvern dag það sem eftir var vertíðar.

Draumar

Draumar sjómanna voru margbreytilegir og skiptu miklu máli til þess að draga úr óvissunni um það sem átti eftir að verða á vertíðinni. Sumir töldu að þeir treystu jafnvel draumunum betur en fiskileitartækjum um borð og vildu ekki fyrir sitt litla líf missa þá frá sér. Þeir skipstjórar sem að sögðu að þá hefði aldrei dreymt fyrir veðri eða veiði sögðu að þeir hefðu gjarnan vilja hafa þennan hæfileika, það hefði getað komið í veg fyrir miklar áhyggjur af fiskiríi í gegnum

tíðina. Aðeins einn skipstjóri sagði að hann hefði haft ama af draumum þrátt fyrir að þeir hefðu hjálpað honum á meðan hann var á sjó og gefið honum mjög ljósar vísbendinar um hvað ætti eftir að gerast. Honum fannst það of mikil ábyrgð að hafa vitneskju um óorðna hluti og bað almættið að taka þá frá sér. Engu að síður sagði hann að hann hefði ekki viljað vera án þeirra og þeirrar aðstoðar sem þeir veittu honum. Aðrir skipstjórar töldu að eftir því sem að þeir yrðu eldri og reyndari þá hyrfu draumarnir, því þeir hefðu minni þörf fyrir þá.

Draumar manna voru jafn misjafnir og þeir voru margir. Suma dreymdi alþekkt tákni eins og lús eða brim fyrir góðri veiði. Aðra dreymdi látna ættingja, sérstaklega feður, sem höfðu verið sjómenn. Ekki var það samt algilt, því einn skipstjóri nefndi það að ef hann dreymdi föður sinn sem væri enn á lífi, þá léti hann binda allt niður og færi beint í land. Aðra dreymdi móður sína fyrir veiði og er það á móti mörgum öðrum hugmyndum tengdum konum og sjósókn.

Áður fyrr þótt það ómögulegt að mæta konu á leið til skips og þegar vinnukonur voru sendar til að ræsa lögðu þær sig allar fram við að mæta ekki sjómönnum sem voru á leið til báta sinna. Konur hafa einnig verið tendar draumum um slæmt veður og eftir því sem konan í draumnum er fallegri þeim mun verra verður veðrið. Einnig er hægt að tengja draum um konu við óhöpp um borð. Eitt dæmi um slíkt er að sjómann dreymdi eiginkonu skipsfélaga sína kviknakta. Hann bar það upp við hina um borð og þeir túlkuðu drauminn þannig að núna

kæmi eitthvað upp á. Það varð líka rauninn því sama dag strönduðu þeir.

Draumar annarra hafa líka verið til aðstoðar. Einn skipstjóri sagði að þótt hann hefði dreymt fyrir afla þá hefði hann alltaf tekið mark á öllu sem að faðir hans hefði sagt og farið eftir því í einu og öllu, þó að aðrir í flotanum hefðu talið hann galinn. Hann nefndi sem dæmi að eitt skiptið var hann á leiðinni á sjó í góðu veðri þegar pabbi hans kom að máli við hann og sagði honum að fara og binda bátinn betur og fara ekki út þann daginn. Hann gerði það sem hann var beðinn um og horfði á eftir öðrum bátum út í góðu veðri. Viðvörðunin kom fram því flestir komust ekki nema rétt austur fyrir eyjar þegar skall á kolbrjálað veður og flotinn rétt komst í höfn. Hann vissi ekki hvaðan upplýsingarnar komu en vissi að faðir hans hafði alltaf haft einhvern sem sagði honum til í draumi og reynst honum vel.

Draumar, eða réttara sagt svefn, hafa oft orðið til bjargar. Dæmi um það er frá manni sem var afar samviskusamur og hafði alltaf mætt fyrstur til skips á morgnana. Einn morgun bar svo við að ekki var hægt að vekja hann sama hvernig var reynt. Hann svaf áfram og báturinn fór án hans. Þessi óvænti svefn bjargaði lífi hans því báturinn fórst sama dag með allri áhöfn.

Sumum mönnum er ekki hægt að bjarga þrátt fyrir drauma. Mann einn í Vestmannaeyjum dreymdi að hann ætti að hætta á bátnum sem hann hafði verið á síðustu vertíðir. Hann fór í land og fór ekki á sjó í dálítinn tíma en tók svo pláss um borð í öðrum bát í flotanum.

Þar var hann ekki lengi því báturinn fórst í illvirðri með allri áhöfn.
Það sem var sérstakt í þessu tilfelli var að báturinn sem hann hætti á
fyrir um vertíðina fórst í sama illviðri með allri áhöfn.

Hugboð

Hugboð manna höfðu einnig mikið gildi. Enginn efaðist um það að ef
eitthvað kæmi til þín ætti að fara eftir því, það yrði bara til góðs. Mörg
dæmi komu fram um hugboð sem höfðu orðið mönnum til bjargar.
Einn skipstjóri sagði frá því að hann hefði ekki ætlað á sjó en verið á
vakki í kringum bát sinn og séð á eftir bát út. Hann var ekki í rónni fyrr
en að búið var að losa og fara út á eftir bátnum. Til þess að komast
frá bryggju þurfti að ræsa út vélstjóran á næsta bát og flytja hann til.
Þetta hugboð bjargaði áhöfninni á bátnum sem þeir sáu fara því hann
sökk á örskammri stundu rétt fyrir utan eyjar. Hefði skipstjórinn ekki
hlýtt hugboði sínu hefðu þeir komið of seint og ekki náð að bjarga
áhöfn hins bátsins.

Margir töldu sig hafa fiskað vel á hugboðum, það væri eins og einhver
hvíslaði staðsetningum á góðum miðum að þeim. Þessi hugboð eru
ekki bara góð fyrir veiðar heldur taka þau broddinn af óvissunni sem
fylgir veiðunum. Skipstjórnir bera ábyrgð á skipinu og áhöfninni og
ákvarðanir þeirra um hvenær á að fara út og hvert á að halda geta
reynst afdrifaríkar. Þrátt fyrir að menn hafi reynslu og kunnáttu eru
þeir aldrei fullkomlega öruggir um að fiska.

Ástæðuna fyrir því að suma dreymir eða fá hugboð er ekki hægt að tengja við það hvort menn trúa á mátt draumanna eða ekki. Allir sem ég ræddi við trúðu á þessi fyrirbæri, hvort sem þá dreymdi eða ekki.

Draugar og draugagangur

Enn eitt atriðið sem kom mér á óvart í tengslum við trú sjómanna á hið yfirnáttúrulega var trúin á draugagang um borð í bátum. Flestir sem rætt var við vissu um báta sem talið var að hefðu draug um borð og margir sögðust hafa persónulega reynslu af draugagangi á sjó. Fæstir vildu afdráttarlaust neita að slík fyrirbæri væru til. Margir nefndu kojur sem engum varð vært í eftir að einhver úr áhöfninni hafði dáið, oft af slysförum. Sumir töluðu um að draugar um borð væru hrekkjóttir og hálf leiðinlegir. Einn nefndi að draugur hefði fylgt manni um borð og haft áhrif á veiðarnar. En þrátt fyrir óþægindin sem oft fylgdu þá voru flestir á því að láta kojuna vera tóma og sætta sig við einn og einn hrekk því á móti fengju þeir aðstoð þegar þeir þyrftu á því að halda.

Fleiri en einn viðmælendur mínir sögðu frá reynslu tengdri bátum og draugagangi þar sem þeir voru vaktir á hryssingslegan máta, jafnvel hent fram úr kojunni sem þeir sváfu í. Þetta rak þá upp og þá kom í ljós að báturinn var á leið upp í land vegna þess að sá sem var við stýrið var sofnaður eða hafði gleymt sér.

Ég get ekki sleppt því að nefna eitt uppáhaldsdæmið mitt tengt draugum og bátum. Þar er það sérstakt að draugurinn um borð var velkominn og það sem meira er, draugurinn var kona. Þessi bátur var þekktur í flotanum fyrir það að þar gátu allir lagt sig á sama tíma og aldrei kom neitt fyrir. Skipstjórinn sagði mér að hann hefði alltaf farið rólegur að sofa því hann hefði vitað að ef eitthvað kæmi fyrir yrði hann vakinn. Það hefði oft gerst og hann hefði séð þann sem vakti sig og það væri ung stúlka. Hann vissi ekki hvers vegna hún fylgdi bátinum en hafði grafið upp að við sjósetningu bátsins hefði orðið slys og stúlka hefði dáið. Hún hefði alltaf vakað yfir þeim og séð til þess að engin slys yrðu um borð. Hann var henni þakklátur fyrir samveruna og taldi að hún hefði haft góð áhrif á hann sem fiskimann.

Heppni

Heppni er hugtak sem sjómönnum var oft hugleikið í spjalli mínu við þá. Hjátrúin, fyrirboðarnir og draumarnir studdu við þá og höfðu jákvæð áhrif. Sumir töldu að ekki væri verra að hafa gott álit á sjálfum sér, vera jafnvel pínulítið grobbinn. Engu að síður, þegar kom að því sem að þeir töldu raunverulega heppni, þá fengist hún ekki metin í tonnum. Hún væri metin í mannlífum. Þeir sem töldu sig heppna sjómenn voru þeir sem að höfðu aldrei misst mann til sjós og jafnvel orðið öðrum til bjargar. Þegar talið barst að öðrum heppnum skipstjórnamönnum mundu menn alltaf eftir því hvort þeir hefðu tekið þátt í björgun en ekki hve mörg tonn þeir fiskuðu þá vertíðina. Ef maður hefði fengið einhverja óútskýrða hjálp þá var það í góðu lagi.

Reynsla og kunnátta manna væri það atriði sem mestu skipti en ef góð aðstoð væri í boði þá væri enginn að velta því fyrir sér hvort hún kæmi í tölvupósti eða draumi, sem skilaboð í gegnum síma eða hvort einhver klappaði óséður létt á öxlina á mann til að koma í veg fyrir skaða.